

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags: 22.01.2020	Kl. 13:30	Staður: Gullhamrar
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: KEA	

13:30 – 13:35	Ávarp formanns og fundur settur Árni Stefán Jónsson
13:35 – 14:00	Kjaramálin Árni Stefán Jónsson og Garðar Hilmarsson Umræður
14:00 – 14:45	Unnið á borðum Hvað getum við og þú sem trúnaðarmaður gert til að virkja fólk í aðgerðum? Hvað hefði mest áhrif á þínum vinnustað?
14:45 – 15:00	Kaffi
15:00 – 15:30	Niðurstaða af borðum og umræður.
15:30 – 16:00	Skoðanakönnun og önnur mál.

Eina mál fundarins eru kjaramálin.

1. Ávarp formanns – Árni Stefán

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins

2. Kjaramál – Árni Stefán

Árni fór yfir glæsur frá vinnustaðafundunum sem hafa verið haldnir undanfarnar vikur.

BSRB sér um ákveðin mál í kjaraviðræðunum.

- Stytting vinnuvikunnar gengur út á að bæta fjölskyldulíf. Viðsemjendur eru harðir á að hafa lífsskjarasamningana sem fyrirmynd en við segjum að það á ekki að taka af okkur það sem við höfum umfram almenna markaðinn, þar sem hann hefur ýmislegt sem við höfum ekki. Viðsemjendur reyna að taka af réttindi í stað nýrra en við erum hörð á móti því.
- Jöfnun launa milli markaða. Engin niðurstaða er komin í því. Tölfræðin á Íslandi er erfið og ófullkomin. Mesti munurinn er milli herra launaðra hópanna. Við viljum taka lægstu hópana fyrst. BHM vill byrja þar sem munurinn er mestur. Ágreiningur er á milli okkar um þetta.
- Orlofsmálin. Ríkið vill taka af 25% álag á orlof utan sumartíma ef starfsmaður fer fram á það. Tilskipun frá EES um að ekki megi mismuna fólki eftir aldri með orlofsdaga og því höfum við staðið föst á því að allir fái 30 daga orlof. Við viljum ekki gefa eftir fyrir kröfu sem kemur frá öðrum.

Garðar Hilmarsson sagði frá kröfu um skil milli vinnu og einkalífs. Fór yfir reglur um einelti.

Verið að reyna að taka á því að fólk sem ekki er með það inni í samningi að verða fyrir truflun utan vinnutíma fái greitt fyrir það. Við hefðum viljað fá sænsku regluna í heilu lagi.

Ný brekka í samtali við Sambandið. Þar erum við í skrytnum sporum. Sumir í SGS búnir að semja.

Ríki og borg túlka þetta á undarlegan hátt (sjá glæru). Aðalmálið er að ASÍ fotti þetta og komi á eftir. Eins og að pissa í skóinn sinn að vera að tefja þetta.

Árni Stefán fór yfir væntanlegan baráttufund fimmtudaginn 30. janúar, hann hvatti alla til að mæta og taka með félaga af vinnustað. Við erum á vinnustaðafundum og erum að hlusta á fólk sem er til í að fylgja okkur í aðgerðir. Fundurinn í Háskólabíó er til að kanna stöðuna – hver er baráttuandinn? SGS samdi og er ekki lengur með í fundinum. Efling datt út líka – þau eru að fara í verkföll. Þeir sem verða með eru hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og BHM. Við munum taka stöðuna eftir fundinn 30. jan. Hvar erum við stödd í samningamálanum, hver er baráttuandinn? Ef niðurstaðan verður að fara í skæruverkföll þá gæti það orðið á þann veg að við verðum með atkvæðagreiðslu um verkfall 10.-12. feb, niðurstaða yrði ljós 13. feb. Fyrstu verkföll gæti þá orðið 4., 5., og 6 mars. Við gætum líka farið í kröfugöngu í stjórnarráðið. Módelið sem við notuðum 2016.

Félagsfundur á morgun fimmtudaginn 23.janúar verður á Grettisgötunni. Á fundinum verðum við með túlk.

Spurning kom úr sal um eingreiðsluna sem var greidd í sumar – já, hún verður dregin frá uppgjöri launa eftir samninga.

Garðar tók til máls, hann sagði að hnykkt væri á tveimur málum. 1,5 % var sett inn í séreignasjóð. SGS vildi gera þetta öðruvísi sem endaði í þeim ósköpum að borga 1,5% inn í félagsjóð af heildarlaunum og einu sinni á ári fá þeir summu úr þessum sjóði u.þ.b. kr. 65.000. Þetta var ekki bara fyrir þá sem misstu þetta heldur allir. Þá segja einhverjir af hverju fáum við ekki líka.

Spurt var af hverju BHM eru með í fundinum 30. janúar.

Árni sammála að hafa efasemdir um þau þar sem 5 félög af þeim eru búin að semja. Svo hefur verið ósamstarf á milli félaganna þar. Út frá samstöðu opinberra starfsmanna sem þarf að vera. Erum með fund einu sinni í mánuði BHM, KÍ og BSRB þar sem mörg sameiginleg mál eru hjá þessum félögum eins og lífeyrismálin.

Unnið á borðum.

Samninganefnd ríkis og borgar sitja sér og rýna í orlofsmálin og Garðar aðstoðar þau.

Aðrir ræða:

- Hvaða aðgerðir getur stéttafélagið farið í til að knýja á um gerð kjarasamnings?
- Hvað getum við sem trúnaðarmenn gert til að virkja félaga okkar í aðgerðum?
- Hvað hefði mest áhrif á þínum vinnustað?

Verkfallssjóðurinn stendur vel eða í 2 milljörðum.

Samantekt eftir borðvinnu. Félagsmenn koma í pontu og segja frá niðurstöðunni af sínu borði.

Hendrik Bjarnason: gott að fara í skæruverkföll og svo allsherjar verkfall. Sumir vildu strax allsherjar verkfall vegna þess að það er alltaf verið að bola fólk út af vinnustöðunum með því að krefjast háskólaprófs. Mætti auglýsa meira hvað opinberir starfsmenn gera og hvað myndi stoppa ef við færum í verkfall. Hugmynd: að Árni sendi netbréf á hverjum morgni sem trúnaðarmenn geti áframsent á félaga. Hvatning og upplýsingar. Þegar við förum í verkfall erum við komin í vinnu hjá Sameyki og Sameyki getur sagt okkur fyrir verkum. Við verðum á launum hjá Sameyki. Það mundi hafa mikil áhrif ef starfsmenn Sýslumanns færu í verkfall. Engar þinglýsingar eða vegabréf.

Sólrún: Við ættum að troða okkur í Kastljós og segja frá því hvað verkfall hefði mikil áhrif í samfélaginu.

Pétur hjá Strætó: Við ættum að fara strax í allsherjar verkfall, a.m.k. í skæruverkföll strax.

Akstursþjónustan er á undanþágu. Erlendir starfsmenn eru hræddir við róstur, þekkja frá heimalandi sínu að það getur komið þeim í koll. Kaffistofufundir eru góðir hjá Strætó.

Lífeyrisdeildin - Sigurður: Mæðir ekki mikið á okkur. Það þarf að vekja athygli á okkar málstað í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla. Hvetja fólk að standa vörð við forystuna. Mikið af erlendum starfsmönnum vita ekki rétt sinn og eru hrædd við kröfur. Trufla stjórnvöld. Halda öllum upplýstum þ.e. trúnaðarmönnum og halda vinnustaðafundi. Komast að því hvaða hagsmunir eru hjá félögum á starfsstöðum. Það sem bítur er t.d. Sýslumaðurinn – ekki hægt að endurnýja passa og skírteini. Vegagerðin og Strætó. Hafa mikið upplýsingaflæði innan stofnana.

Hjörtur Árnason - Veðurstofunni. Upplýsingar til starfsmanna – töflur. Safna spurningum sem við getum spurt stéttafélagið. Svo gildir ekkert nema hnefinn – verkföll. (klapp)

Lífeyrisdeild - Lilja. Skæruverkföll hjá heilbrigðisstarfsmönnum, hafnarstarfsmenn og Samgöngustofa. Trúnaðarmenn eiga að stýra í verkföllum.

Særún - Kvíabryggju. Eru með auglýsingaherferð sem kallast „opnaðu augun“. Þarf að benda á hvaða áhrif verkföll myndu hafa á samfélagið.

Alma – Isavia. Skæruverkföll þurfa að byrja fyrr. Við eigum að fara í skæru um leið og samningar renna út. 10 mánuðir allt of langur tími. Það þarf að einfalda hlutina – launaseðla, kjarasamninga. Þarf að útskýra eins og krakkafréttir. Mætti nota einföld slagorð eins og: Ef þú vilt endilega vera á lágum launum – þá ekki mæta á fund.

Kristín - Flensborg. Háskólabíófundurinn á vitlausum tíma vegna umferðarinnar. Fólk utan af landi mun ekki nenna að koma á klukkutímabund. Fá fólk til að labba út af vinnustað sínum. Árni svaraði því til fundartími var byggður á fundinum 2016. Öðruvísi aðgerð að labba út.

Björn - Reykjavíkurborg. Margt gott komið fram. Mætti prufa að skerða þjónusta – hægja á vinnu. Kynna fyrir félagsmönnum hvernig það er að fara í verkfall, hvernig fáum við borgað, muna eftir útlendingunum. Útskýra jafnvel með myndum.

Vígús hjá Tjörninni. Væri kannski möguleiki að auka kröfurnar áður en við förum í verkfall. Árni svaraði: Við munum skerpa á kröfunum þegar verkfall nálgast.

Árni fór svo yfir hvenær næstu fundir verða í viðræðunum. Fundar verður með Ríkinu á morgun og föstudag, með Reykjavíkurborg á mánudag og þriðjudag. Um helgina mun hópur sem fjallar um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks BSRB funda.

Reglur um verkföll eru þannig að a.m.k. 50 % af félagsmönnum verða verður að taka þátt í kosningum um verkfallsboðun og meirihluti af þeim sem taka þátt að samþykkja verkfall.

Mikilvægt að trúnaðarmenn nái stemningu á sínum vinnustað.

Í síðasta allsherjar verkfalli 1984 var allt búið, bæði sjóður og áfengið.

Lögð fram skoðanakönnun sem við ætlum að nota sem vísbendingu um vilja trúnaðarmanna.

Spurt er:

Vilt þú að Sameyki fari í atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir?

Telur þú að félagar í Sameyki á þínum vinnustað mundu styðja verkfallsaðgerðir?